

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn Áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna skipulagsmála í Úlfarsárdal (US210145)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 2.júní 2021 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn Áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

„Nú þegar það liggur fyrir að búið er að úthluta öllum lóðum í Úlfarsárdal óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir að fá upplýsingar hvort það sé komin endanleg mynd á hverfið? Fulltrúi Flokks fólksins minnst þess að í hverfinu átti að vera blönduð byggð. Gengið hefur á ýmsum í þessu hverfi. Mikið er um kvartanir og hægt hefur gengið að ganga frá gönguleiðum og frágangi við götur, lýsingu og öryggismál.“

Svar:

Úlfarsárdalur hefur í grunninn ávalt verið skilgreint sem nokkuð hreint íbúðasvæði en gert er ráð fyrir matvöruverslun við Skyggisbraut og skóla, sundlaug og íþróttamannvirkjum neðst í hverfinu. Hverfið hefur verið nokkuð lengi í uppbyggingu og nokkuð víst að endanleg mynd af hverfinu verður ekki til fyrr en það er fullbyggt. Framkvæmdir við frágang á gönguleiðum og við götur hefur haldist í hendur við uppbyggingu hverfisins. Í nýjum viðauka við aðalskipulag AR 2040 er gert ráð fyrir að hverfið geti stækkað til norðurs, vestan við Leirtjörn og til austurs í átt að skógræktarsvæði sem heitir Ljótaland og er áætlað að það verði einnig í grunnin íbúðabyggð. Vestan við Úlfarsárdal í átt að Bauhaus er gert ráð fyrir blönduðu hverfi íbúða og atvinnustarfsemi í framtíðinni.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi